

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

4. apríl 1979.

Nr. 156.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 5 24. janúar 1979, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist þannig: Til 15. maí 1979, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- A. 63°10'0 N 22°00'0 V
- B. 63°25'3 N 22°00'0 V
- C. 63°33'7 N 23°03'0 V

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. apríl 1979.

Kjartan Jóhannsson.

Jón B. Jónasson.

29. mars 1979.

Nr. 157.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 365 13. október 1978 um jöfnunargjald.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við tollafgreiðslu á vörum sem tollfrjálsar eru samkvæmt 2. gr. tollskrárlaga eða undanþegnar hafa verið tolli að öllu leyti samkvæmt 3. gr. tollskrárlaga, skal veita undanþágu frá greiðslu jöfnunargjalds.

Við tollafgreiðslu á vöru sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af samkvæmt 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og eigi ber jöfnunargjald, skal skerða tollalækkunina

sem nemur jöfnunargjaldinu, hvíli gjaldið á þeirri vöru sem tollur er færður til samræmis við.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 83 18. maí 1978 um jöfnunargjald svo og 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 29. mars 1979.

Tómas Árnason.

Höskuldur Jónsson.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Þingeyrarhrepps, Vestur-Ísafjarðarsýslu, að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur hreppsnefnd Þingeyrarhrepps gert eftirfarandi samþykkt:

Á fundi hreppsnefndar Þingeyrarhrepps 19. mars 1979 var samþykkt, með tilvísun til skipulagslaga, að áskilja Þingeyrarhreppi forkaupsrétt að öllum lóðum, jörðum og fasteignum í Þingeyrarhreppi vegna gerðar aðalskipulags og deiliskipulags fyrir Þingeyrarkauptún.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. mars 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.